

Safnaðarbréf

haust 2010



Félagar í æskulýðsstarfi Lágafellssóknar tóku þátt í vikulöngu móti í Danmörku í sumar. – Hér er leiðtoginn í boltahlaupi – fleiri myndir á bls. 3

Menningardagur
Kjalarnes-
prófastsdæmis
verður haldinn á
siðbótardaginn,
31. október n.k.
Sjá nánar á bls. 2



Arnhildur
er sest við orgelið.
Við ræðum við hana á
bls. 4



Rut
leysir kirkjuvörðinn af
Nánar um það á
bls. 4-5



Þema Menningardags Kjalarnesprófastsdæmis er „opnar kirkjur“. Eins og myndin sýnir eru þó þeir kirkjugestir til sem kjósa heldur að tylla sér á þakið.

Menningardagur 31. október

Menningardagur Kjalarnesprófastsdæmis „opnar kirkjur“ verður haldinn á síðbótardaginn, 31. október. Hugmyndin að baki deginum er að laða fólk til kirkju og leyfa því upplifa andrúmsloftið þar. Það er á valdi hvers safnaðar fyrir sig hvers konar dagskrá verður í boði, en boðið verður upp á trúar- og menningartengda dagskrá í öllum kirkjum prófastsdæmisins. Þetta er kjörið tækifæri fyrir fólk til að kynnst hinu líflega kirkjustarfi sem þar á sér stað. Um leið er þetta einnig skemmtlegt tækifæri fyrir söfnuðina til þess að bjóða upp á nýja og óhefðbundna menningartengda dagskrá í kirkjulegu samhengi.

Prófastsdæminu er skipt upp í þrjú svæði sem heyra landfræðilega saman.

Þessi svæði eru: 1) Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós, 2) Garðabær, Álftanes og Hafnarfjörður og 3) Suðurnesin.

Kirkjubyggingar eru margar og fjölbreyttar og dagskráin þennan dag er af ýmsum toga og sprettur upp úr þeim ríka sögulega, menningarlega og trúarlega jarðvegi sem er að finna í héruðunum okkar. Einnig er þetta gott tilefni til að heimsækja kirkjur sem fólk hefur jafnvel aldrei komið í. Meðal annars verður boðið upp á leikrit, listsýningar, erindi og fjölbreytt tónlistaratriði.

Kirkjurnar verða opnaðar í víðum skilningi þess orðs og miðað við reynslu undanfarinna ára má búast við fjölbreyttri menningardagskrá þar sem allir geta fundið atburði við sitt hæfi.

Sjálfbóðaliðastarf – vertu með!

Kirkjan á það sameiginlegt með öðru félagsstarfi í Mosfellsbæ, að starfið er öflugt þegar til þess kemur fólk sem leggur því lið og býður fram krafta sína. Fólk sem hefur metnað og löngun til að láta gott af sér leiða í þjónustu safnaðar og samfélags finnur sig áreiðanlega velkomið og kröftum þess verður veittur góður farvegur.

Það er markmið okkar í kirkjunni að laða fólk til samstarfs og þátttöku og um leið að kirkjan sé vettvangur og samfélag þar sem einstaklingurinn fær notið sín og blómstri í þjónustu sinni við Guð og náungann. Við viljum gera betur og köllum til þátttöku í helgihaldi og safnaðarstarfi. Vilt þú til dæmis vera með sem sjálfbóðaliði í messuhóp sem aðstoðar við helgihaldið, taka þátt í fyrirbænahóp eða syngja í kirkjukórnum eða á annan hátt veita aðstoð – vertu velkomin!

Undirrituð veitir nánari upplýsingar.

Kirkjan er lifandi samfélag sem boðar fagnaðarerindið, sem meðal annars fellst í orðum Jesú Krists: „Elska skalt þú Drottinn, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínu. Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“

Sumarfólki þakkað

Það er hlutverk kirkjunnar að vera lifandi kirkja allt árið, að boða fagnaðarerindið í allri þeirri þjónustu sem hún veitir. Fyrir utan prestana í Lágafellssókn kemur fjöldi fólks að starfi kirkjunnar, launaðir fastir starfsmenn, afleysingarfólk og sjálfbóðaliðar. Við erum lán-söm og þakklát öllum sem koma að starfinu. Ég ætti það á hættu að gleyma einhverjum ef ég teldi upp þann fjölda. Ég vil þó að þessu sinni færa þeim sérstakar þakkir sem hafa starfað hjá okkur í sumar og snúa nú til sinna föstu starfa eða náms. Þau eru allt unga sumarvinnufólkið sem sá um slátt og umhirðu kirkjugarðanna á Lágafelli og Mosfelli, kirkjuvörðurinn í afleysingu, Rut Magnúsdóttir og „Tindatríóið“, sem sá um söng í guðsþjónustum í sumarleyfi kirkjukórsins. en þeir eru Atli Guðlaugsson, Bjarni og Guðlaugur Atlasynir.

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir
Sóknarprestur



Veiddu fisk með höndunum

Í sumar tók hópur ungmenna frá æskulýðsstarfi Lágafellskirkju þátt í æskulýðsviku KFUM & KFUK í Danmörku. Mótið var haldið á Suður-



Unnar veiðir í matinn – með höndunum

Jótlandi þar sem heitir Logumkloster. Þátttakendur voru um 1500 talsins. Mótið var byggt upp sem 7 daga hátíð þar sem helgihald, verkefnahópar, stutt verkefni ásamt tónleikum var uppistaðan í dagskrá mótsins. Meðal verkefna var 30 km gönguferð með léttum verkefnum. Lagt var af stað um hádegisbil og komið til baka rétt eftir miðnættið. Um kvöldmatarbil þurftu þátttakandur að veiða fisk með höndunum, slægja hann og grilla. Þó svo að þessi dagur hafi verið langur og erfiður stendur hann upp úr í minningunni.

Heim til Íslands kom glaður og sæll hópur eftir viðburðaríka ferð til vina okkar í Danmörku.

Oft er sagt að myndir segi meira en þúsund orð, hér má því sjá nokkrar myndir úr ferðinni.



Slakað á milli verkefna



Tjaldsvæðið skreytt

Froðudiskó í 30 stiga hita





Sem mest innanbæjar

Arnhildur Valgarðsdóttir hefur verið ráðin til starfa í Lágafellssókn meðan Jónas Þórir er í ársleyfi. Hún hefur búið í Mosfellsbæ í hálfan annan áratug og komið víða við í tónlistarlífinu, við kennslu, kórstjórn og píanóleik.

Arnhildur ólst upp á Akureyri og

naut þar sinnar fyrstu tónlistarmentunar en fór síðan til framhaldsnáms við konunglegu tónlistarakadémíuna í Skotlandi þar sem hún tók BA gráðu í tónlistarfræðum og tveggja ára framhaldsnám í píanóleik. Undanfarið hefur hún einnig stundað nám við Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

„Ég hef spilað mikið í kirkjum,“ segir Arnhildur. „Mér fannst það mjög áhugavert umhverfi og trúarleg tónlist hefur höfðað mjög mikið til mín. Hún er kannski fyrst og fremst sungin en þar er líka að finna margt sem er samið beinlínis fyrir orgel. Mér finnst þetta sambland af trúarhita og tónlist svo yndislegt. Tónlist á ekki að vera bara yfirborð heldur eins djúpstæð og mögulegt er.

Að syngja trúarlega tónlist er eitt það hollasta sem hægt er að hugsa sér fyrir sálina og afskaplega gefandi, bæði fyrir þá sem syngja og þá sem taka þátt með því að hlusta.“

Síðast liðið vor lauk Arnhildur prófi sem kirkjuorganisti og er um þessar mundir að bæta við sig kantorsnámi, en það er áætlað tveggja ára viðbótarnám í ýmsum greinum tónlistar og orgelleiks eftir að organistapróf.

En hvernig sér hún fyrir sér tónlistarstarfið í kirkjunni þetta ár sem framundan er?

„Það sem rætt hefur verið um er að nýta sem mest þá krafta sem til eru hér innanbæjar, ekki síst með áherslu á unga fólkið. Meiningin er að vera í sem mestu samstarfi við Listaskóla Mosfellsbæjar og nýta nemendurna þar eins og kostur er á, meðal annars með samstarfi við söngdeild skólans. Mig langar líka að efla kirkjukórinn, til dæmis með

Vinaleiðin kveikti í mér

Rut G. Magnúsdóttir hefur um skeið sinnt starfi kirkjuvarðar og meðhjálpara í afleysingum fyrir Arndísi Linn. Um þessar mundir er hún í starfsnámi hjá Fjólu Haraldsdóttur, djákna Lágafellssóknar.

Hver er þessi kona?

„Ég er Reykvíkingur að uppruna og var búsett þar þangað til fyrir fimm árum að fjölskyldan flutti hingað í Mosfellsbæ. Ég hef séð um barnastarf í kirkjum í 10 ár, lengst af í Langholtskirkju. Eftir að ég flutti hingað upp eftir hef ég smátt og smátt verið að kynnast kirkjulegu starfi nánar, fyrst Þórdísi

Asgeirsdóttur djákna og hennar störfum hér. Ég varð strax mjög forvitin um Vinaleiðina, kærleiksþjónustu við grunnskólabörn, sem hún kom hér á fót. Ég er kennaramenntuð og starfa í Lágafellsskóla og kynntist því þar hvað Þórdís var að gera og það kveikti í mér að læra þessi fræði.

Þetta var kveikjan að því að ég hóf djáknanám sjálf. Það er í raun aðeins eitt ár fyrir mig af því ég er með B.Ed. próf úr Kennaraháskóla Íslands en ég dreifði því á þrjú ár af því ég er að kenna með náminu og er auk þess með

fjölskyldu. Að öllu forfallalaus lík ég náminu næsta vor.

Ég hafði kynnst Fjólu djákna í skólanum eftir að hún tók við djáknastarfinu hér af Þórdísi. Fyrir tilviljun rakst ég á hana í vor á Biskupsstofu og sveif á hana á staðnum. Ég vissi að hún hefur tekið nema í starfsþjálfun og þarna bað ég hana að taka mig með sér. Mér var ljóst að með því myndi ég fá góða yfirsýn, vissi að hún er að vinna hér í skólunum, í Víðinesi, á Hlaðhömrum og með kærleiksþjónustuna að auki. Ég var svo heppin að Fjóla sam-

þykkti að tal á því þurfti með mikla r en vantaði a verið mikill að fylgjast n

Ég leysti fyrst af vetu. langaði að f fylgjast með starfið í La mestu á sam ustan þann dálítið upp formið í heil

Starf kirkju ara er heilm verk. Fyrir u ari í hefðb messum þarf við sérathafn

Mystur í messunum

Grænir englar sáust fyrst á flögri í Mosfellsbæ síðast liðinn vetur. Hópurinn hefur skipt um nafn, heitir nú Mystur. Leiðir þessa unga fólks lágu saman í Tónlistarskóla Mosfellsbæjar. Hljómsveitin varð til vegna þess að söngkonuna vantaði einhverja til að spila með sér á Opnu húsi Fa-Mos í mars og fékk þá hluta hópsins til liðs við sig. Hópurinn fékk nokkur verkefni fleiri og hélt loks tónleika undir eigin nafni.

„Við höfum verið dugleg að æfa saman í sumar,“ segir Ásbjörg Jónsdóttir, söngkona og talsmaður sveitarinnar. „Við spiludum meðal annars á 17. júní hér í bæ og á Mús-mos. Nú erum við orðin ansi þéttur og góður hópur og höfum öll alveg hrikalega gaman af þessu. Við skelltum okkur upp í bústað eina helgi og tókum upp fjögur lög og stefnum á aðra upptökuhelgi von bráðar, svo það er von á diskum frá okkur.“

Núna næst er framundan að æfa ný lög, útsetja frumsamin lög fyrir hljómsveitina, spila í afmælisveislu og svo verðum við með í nokkrum messum í vetur eins og í fyrravetur, fyrst 12. september.“



Hljómsveitin Mystur, talið frá vinstri: Davíð Snær Sveinsson, bassi og trompet. Elías Marel Þorsteinsson, kassagítar og rafmagnsgítar. Lára Björk Bender, píanó og bakródd. Aron Bragi Baldursson, trommur, slagverk. María Helga Jónsdóttir, þverflauta. Ásbjörg Jónsdóttir, söngur og gítar.

aukinni þátttöku yngra fólks og vera með fjölbreytta tónlist. Að sjálfsgöfðu skipa sálmar og önnur hefðbundin kirkjuverk þar sinn sess en mig langar líka að fara í léttari tónlist af ýmsu tagi, gospel og fleira.“

ka mig sem nema og ég að halda. Ég er reyntu úr barnastarfi allt hitt og það hefur skóli fyrir mig að fá með Fjólu.

meðhjálparann hér rínn 2008-2009. Mig á þá reyntu líka og heilli messu. Barna-gholtskirkju er að tíma og guðsþjón-ig að mig vantaði á að þekkja messu-ld.

varðar og meðhjál-ikið en skemmtilegt tan að vera meðhjál-undnum sunnudags-hann að vera til staðar ir eins og hjónavígsl-


ur, skímir og útfarir og sjá um að kirkjurnar séu alltaf hreinar og þrífnaðar svo og allir hennar munir. Kirkjuvörður þarf síðan raunverulega að vera til taks alltaf þegar þarf að opna kirkjurnar.

Núna hef ég sem sagt kyrrsett fjölskylduna tvö sumur í röð í júlímánuði meðan ég hef verið að sinna þessu starfi. Sem betur fer hafa börnin mín tvö og maðurinn minn sýnt þessu fullan skilning. Við reynum svo að bæta úr þessu þegar júlímánuður er liðinn.“

Hvað sér Rut svo fyrir sér, þegar hún hefur lokið náminu við Háskólann í djáknafræðum og starfsnámi sínu ?

„Einfalt svar: Ég legg það í hendur góðs vinar á himnum. Ég treysti leiðsögn hans.“





Kyrrðardagur

Í Mosfellskirkju verður laugar-
daginn 2. október kl. 10.00-
16.00.

Umsjón hafa Sigurbjörg Þor-
grímsdóttir leiðbeinandi í krist-
inni íhugun – Centering Prayer
og sr. Ragnheiður Jónsdóttir.

Íhugun – kyrrð – útivera –
andleg og líkamleg næring.

Upplýsingar og skráning: sr.
Ragnheiður Jónsdóttir, sími
8699882

Allir velkomnir!

Kynnið ykkur einnig dags-
skrá kyrrðardaga í Skálholti á
www.skalholt.is

PRJÓNASAMVÉRUR Í SAFNAÐARHEIMILI LÁGAFELLSSÓKNAR Á FIMMTUDÖGUM 2010 - 2011 KL.20.00 - 22.00



- 2. september / Almenn
 - 16. september / Heimsókn í Gallerý Garn Súluhöfða 15
 - 30. september / Almenn
 - 14. október / Heimsókn Kjalnesinga
 - 28. október / Almenn
 - 11. nóvember / Kennsla: Rússneskt hekl / barnateppi. Leiðb. Gróa Karlsdóttir
 - 25. nóvember / Almenn
 - 9. desember / Jóla, jóla - allir koma með "kaffibrauð"
 - 7. janúar 2011 / Gleðilegt nýtt þrjónaár / almenn
 - 21. janúar / Kennsla: Tvær ermar á einn þrjón. Leiðb. Inga Friðný
 - 2. febrúar / Almenn
 - 17. febrúar / Heimsókn á þrjónasamveru...
 - 3. mars / Almenn
 - 17. mars Kökukvöld / almenn
 - 31. mars / Almenn
 - 14. apríl Kennsla, óskir þrjónakvænna
 - 28. apríl / Almenn
 - 12. maí / Óvissukvöld
 - 26. maí, 9. júní og 23. júní / Almenn
- SUMARFRÍ

Skráning fermingarbarna og fermingarfræðslan



Fermingarundirbúningur í Mos-
fellsprestakalli hefst á þessu hausti
með fjölskyldu guðspjónustu í
Lágafellskirkju 12. september kl.11.

Kirkjukaffi verður í safnaðar-
heimili Lágafellssóknar að Þverholti
3 að athöfn lokinni.

Dagana 8. og 9. september eru þau
börn sem ætla að fermast á vori kom-
anda beðin að mæta í fyrsta tímamann í

safnaðarheimilið, Þver-
holti 3, 3.hæð.

Börn í **8. bekk**
Varmárskóla miðviku-
daginn **8. sept.** kl. 15.00.

Börn í **8. bekk** **Lága-
fellsskóla** fimmtudag-
inn **9. sept.** kl. 15.00.

Sunnudaginn 16. maí
s.l. var fermingarborn-
um sem hyggjast ferm-
ast í Lágafellssókn vor-
ið 2011 boðið til guðs-
þjónustu. Með guðs-
þjónustunni hófst einn-
ig skráning fermingar-
barnanna. Kynning á
fermingarfræðslunni og
fermingardögum næsta
vors hafði áður verið
send til allra barna í
Lágafellssókn óháð því

hvort þau væru í þjóðkirkjunni eða
ekki. Guðspjónustan var afar vel sótt
og var kirkjan full út úr dyrum.

Þeir sem ekki hafa náð að skrá
barnið til fræðslunnar geta snúið sér
til kirkjuvarðar, Arndísar Linn, í síma
5667113 eða á netfang arndis.linn-@kirkjan.is

Bætt hefur verið við fermingar-
athöfn í Mosfellskirkju 1. maí kl. 11.00.

Á hverju ári kemur upp sú staða
vegna veikinda í fjölskyldunni, búsetu
erlendis eða af öðrum álíka ástæðum
að þörf er á að fá barnið fermt á öðrum
tíma en það sem í boði er. Í þeim
tilvikum verður mögulegt að láta
ferma barnið í Lágafellskirkju á
Hvítasunnudag 12. júní kl. 11. Bent er
á að hafa samband við sóknarprest, sr.
Ragnheiði Jónsdóttur.

Hér á eftir er listi yfir fyrir-
hugaðar fermingaathafnir næst-
komandi vors, 2011:

27. mars Lágafellskirkja
kl. 10.30

27. mars Lágafellskirkja
kl. 13.30

3. apríl Lágafellskirkja
kl. 10.30

3. apríl Lágafellskirkja
kl. 13.30

10. apríl Lágafellskirkja
kl. 10.30

10. apríl Mosfellskirkja
kl. 13.30

17. apríl Lágafellskirkja kl. 10.30

17. apríl Lágafellskirkja kl. 13.30

21. apríl Lágafellskirkja kl.10.30
(skírdagur)

21. apríl Lágafellskirkja kl. 13.30
(skírdagur)

1. maí Mosfellskirkja kl. 11.00

Fastir liðir í starfi Mosfellsprestakalls

Foreldramorgnar

Foreldramorgnar verða í vetur á **miðvikudögum** frá 10.00 til 12.00, í Safnaðarheimilinu Þverholti 3, þriðju hæð. (**Athugið breyttan vikudag**). Fyrsti foreldramorguninn verður miðvikudaginn 25. ágúst. Á foreldramorgnum gefst foreldrum og börnum þeirra tækifæri til að hittast í notalegu umhverfi, ræða saman, skiptast á skoðunum, deila reynslu sinni og fræðast. Góð aðstaða er í Safnaðarheimilinu og í hverjum mánuði er boðið uppá fræðslu eða kynningar. Léttar veitingar. Dagskrá Foreldramorgna má nálgast á heimasíðu sóknarinnar.

Kirkjukrakkar

Eins og undanfarin ár verða Kirkjukrakkar starfandi í báðum grunn-skólum Mosfellsbæjar í vetur í samstarfi við frístundasel skólanna. Kirkjukrakkar eru samverustundir þar sem 6 til 7 ára börnin fræðast um kristin gildi, trú og kærleika, hlusta á sögur, fara í leiki, syngja og huga að vináttunni. Kynning og umsóknar-eyðublöð verða send foreldrum með tölvupósti. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar á heimasíðu safnaðarins undir liðnum barnastarf eða senda tölvupóst á Arndis.Linn@kirkjan.is

Fyrirbænastrundir

eru í Lágafellskirkju á mánudögum kl. 19.30, skrudhúsmegin.

Í Jakobsbréfi 5:16 segir „Kröftug bæn réttláts manns megnar mikið.“ Það höfum við sannreynt á fyrirbænastrundunum. Guð elskar alla jafnt og hann elskar þig í þínum kringumstæðum. Umsjón: Þórdís Ásgeirsdóttir, djákni.

TTT (töff, töfrandi og taktfast)

TTT er félagsskapur fyrir öll tíu til tólf ára börn sem langar til að eiga skemmtilegan vetur saman. TTT fundirnir verða á mánudögum kl. 16.30. Þar munum við skemmta okkur við margskonar verkefni. Allir krakkar velkomnir. Fyrsti fundur verður 6. september í Safnaðarheimilinu Þverholti 3, 3 hæð

Sunnudagaskólinn

Sunnudagaskólinn er í Lágafellskirkju alla sunnudaga yfir vetrartímann klukkan 13.00. Þar er komið saman, sungið og leikið. Foreldrar eru hvattir til þátttöku. Fyrsta samveran verður sunnudaginn 5. september.

SOUND – æskulýðsstarf Lágafellskirkju

- ud KFUM og KFUK

Sound er félagsskapur fyrir alla ungl- inga í 8. 9. og 10. bekk. Mikið er um skemmtilegar ferðir ásamt líflegum spjallfundum. Fundirnir verða á sunnudagskvöldum frá kl. 19.30. Fyrsti formlegi fundur þessa hóps verður 5. september í Safnaðarheimilinu Þverholti 3, 3 hæð.

Leiðtogadeild

Sérstök leiðtogadeild verður starfandi í vetur Hún er ætluð þeim unglungum sem hafa verið í æskulýðsstarfinu og vilja þjálfa sig upp í að verða leiðtogar í barna- og æskulýðsstarfi kirkjunnar.

Kristin íhugun

Kristin íhugun í Safnaðarheimilinu, Þverholti 3, hófst á ný eftir sumarfrí miðvikudaginn 11. ágúst kl.17.30. byrjendur eru beðnir að koma kl. 17.00 til að kynna sér grundvallarhugmyndir og áherslur íhugunarinnar.

Kristin íhugun, eða Centering Prayer, verður svo vikulega á miðvikudögum í allan vetur. Umsjón hefur Sigurbjörg Þorgrímsdóttir.

Safnaðarheimilið er í Þverholti 3. Símar: 566 7113 og 566 8028

Skrifstofa sr. Ragnheiðar Jónsdóttur er í safnaðarheimilinu á 3. hæð Sínaviðtalstími hennar er þriðjudaga til föstudaga kl. 11–12. Fax: 566 7223, farsími 869 9882. Netfang: ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is

Skrifstofa sr. Skírnis Gardarssonar er á annarri hæð. Sínaviðtalstími hans er mánudaga til fimmtudaga kl 12-13. Farsími: 823 8274, netfang: skirnir.gardarsson@kirkjan.is

Skrifstofa Fjólu Haraldsdóttur djákna er á annarri hæð. Viðtalstími er eftir samkomulagi. Farsími: 861 3565, netfang fjolaha@visir.is

Arnhildur Valgarðsdóttir er organisti safnaðarins. Heimasími: 566 6796. Farsími: 698 7154. Netfang: arnhildurv@simnet.is

Skrifstofa Hreiðars Arnars Zoëga Stefánssonar framkvæmdastjóra er á annarri hæð. Farsími: 896 8936. Netfang: hreidar@kirkjan.is

Meðhjálpari/kirkjuvörður:

Arndís Linn, farsími 866 8947, netfang: arndis.linn@kirkjan.is. Skrifstofa Arndísar er á annarri hæð

Húsmóðir í safnaðarheimili er Sigríður Pétursdóttir.

Hilmar Sigurðsson er formaður sóknarnefndar. Símanúmer: 566 6701.

Á heimasíðu Lágafellssóknar, www.lagafellskirkja.is, má sjá ýmislegt um dagskrá og starfsemi sóknarinnar.

Helgihald í Mosfellsprestakalli

haustið 2010

29. ágúst 13. sd. e. trin
Lágafell kl. 11
„Í túninu heima“
Sr. Skírnir Garðarsson

5. september 14. sd. e. trin
Lágafell kl. 11
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

12. sept. 15. sd. e. trin
Lágafell kl. 11
Fjölskylduguðspjónusta
Hljómsveitin Mystur spilar og syngur
báðir prestarnir

19. sept. 16. sd. e. trin
Lágafell kl. 11
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

26. sept. 17. sd. e. trin
Mosfell kl. 11
Sr. Skírnir Garðarsson

3. október 18. sd. e. trin.
Lágafell kl. 11
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

10. október 19. sd. e. trin.
Lágafell kl. 11
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

17. október 20. sd. e. trin.
Lágafell kl. 11
Fjölskylduguðspjónusta
Hljómsveitin Mystur spilar og syngur
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

24. október 21. sd. e. trin.
Lágafell kl. 20
Kvöldguðspjónusta – Taize
Sr. Skírnir Garðarsson

31. október 22. sd. e. trin.
Mosfell kl. 11
Menningardagur
Kjalarnesprófastsdæmis
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

1. nóvember Allra heilagra messa
Lágafell kl. 20
Látinna minnst, bæn, kyrrð og tónlist.
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

7. nóvember 23. sd. e. trin.
Lágafell kl. 11
sr. Skírnir Garðarsson

14. nóvember næst síðasti sd. e trin.
Lágafell kl. 20
Kvöldguðspjónusta – Taize
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

21. nóvember síðasti sd. e. trin.
Lágafell kl. 11
Sr. Skírnir Garðarsson

28. nóvember 1. sd. í aðventu
Mosfell kl. 11
Kvennakórinn Hekklurnar
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Nánari upplýsingar um helgihaldið má
nálgast á heimsíðu:

www.lagafellskirkja.is